



GRINDAVÍKURBÆR

Um verkefni Ungmennaráðs Grindavíkurbæjar:

1. gr.

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 13 til 18 ára í sveitarfélaginu í umboði frístunda- og menningarnefndar.

2. gr.

Ungmennaráð gerir tillögur til frístunda- og menningarnefndar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun bæjaryfirvalda um málefni er tengjast ungu fólki.

3. gr.

Helsta markmið og hlutverk ungmennaráðs er:

1. að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins,
2. að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópin sérstaklega,
3. að undirbúa árlegt þing ungs fólks í samstarfi við viðeigandi stofnanir og deildastjóra,
4. að fulltrúar ráðsins þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins,
5. að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðva sveitarfélagsins,
6. að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun um málefni ungs fólks

4. gr.

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem bæjarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

5. gr.

Ungmennaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu, sem samþykkt er af bæjarstjórn við gerð fjáhagsáætlunar ár hvert, sem það getur varið til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir.

Um skipan ungmennaráðs

6. gr.

Ungmennaráð skal skipað 7 aðilum og jafn mörgum til vara.



GRINDAVÍKURBÆR

A - Þrjú fulltrúar úr 8. - 10. bekk Grunnskóla Grindavíkur og þrjú til vara.

B - Tveir fulltrúar frá félagsmiðstöðinni
þrumunni og tveir til vara.

C - Tveir fulltrúar úr aldurshópnum 16 - 18 ára sem og tveir til vara.
Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 10. september til 10. júní, ár hvert.

7. gr.

Á fyrsta fundi ráðsins kýs ráðið sér formann og varaformann.

Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundar-sköp og góða reglu.

8. gr.

Ungmennaráð heldur einn fund í mánuði. Í mars ár hvert skal haldinn sérstakur bæjar-stjórnarfundur unga fólksins og 2x á ári skulu haldnir sameiginlegir fundir frístunda- og menningarnefndar og ungmennaráðs.

9. gr.

Sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs Grindavíkur er starfsmaður ráðsins og tengiliður ráðsins við bæjaryfirvöld og frí-stunda- og menningarnefnd. Starfsmaður situr að jafnaði fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal ungmennaráð óska eftir og leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins þegar það á við vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast verksviði þeirra.

Um yfirstjórn ungmennaráðs

10. gr.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ungmennaráðs í samræmi við samþykktan fjárhagsramma bæjarstjórnar fyrir hvert starfsár. Ráðið gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna verkefna ungmennaráðs. Starfsmaður leggur fram í ráðinu tillögu að fjárhagsáætlun ráðsins, í samstarfi við fjármálastjóra, sem ráðið skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

11. gr.

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á. Starfsmaður ber ábyrgð á



GRINDAVÍKURBÆR

rekstri og stjórnslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess.

Um fundarsköp ungmennaráðs

13. gr.

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglur um almenn fundarsköp.

Starfsmaður í samráði við formann boðar til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ungmennaráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða ungmennaráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Formaður í samstarfi við starfsmann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá starfsmanni ungmennaráðs sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu sveitarfélagsins. Starfsmaður ráðsins ber ábyrgð á að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í ungmennaráði, um málalok.

Gildi samþykktarinnar

14. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 26. október 2011.